

## Árskóli

Skagfirðingabraut/  
Freyjugata  
550 Sauðárkrúkur

Sími: 455 1100  
Fax: 455 1199

Lifa - leika - læra

[www.arskoli.is](http://www.arskoli.is)

## Lúsiuhátíð

### 6. bekinga

í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki

þriðjudaginn 14. desember

kl. 17:00 -17:30.

**Allir velkomnir!**



# Árskólafréttir

Desember 2010

## Foreldrakönnun

Árleg foreldrakönnun var lögð fyrir foreldra/forráðamenn nemenda í 2., 4., 7. og 10. bekk þann 11. nóvember sl. Niðurstöður gefa til kynna að skólastarf í Árskóla sé í stöðugri sókn. Um 84% foreldra telja að miklar eða talsverðar framfarir hafi orðið í skólastarfinu á undanförunum misserum. Meðal þess sem lesa má út úr niðurstöðum er að meiri almenn ánægja virðist ríkjá t.d. með kennslu, aga og umgengni í skólanum. Foreldrar virðast ánægðari með hvernig börnum þeirra er sinnt, þeir telja að börnum þeirra líði almennt betur og þau fái að njóta sín í skólanum. Fleiri foreldrar vitna nú en áður um gagnsemi foreldraviðtala. Um 82% foreldra hafa mjög jákvætt viðhorf til umsjónar-

kennara barns síns og 84% foreldra segjast eiga mjög gott samstarf við hann. Þegar spurt er um vetrarfrí vill um helmingur foreldra að vetrarfrí sé bæði fyrir og eftir jól. Hugmyndir um skólabúninga nemenda hljóta ekki hljómgrunn, en meirihluta foreldra hugnast það fyrirkomulag að skólinn sæi alfarið um að útvega skólagögn gegn föstu gjaldi í upphafi skólaárs. Í könnuninni voru foreldrar barna í 2. bekk beðnir um að svara nokkrum spurningum um starfsemina í Árvist. Fram kom mikil ánægja með starfið þar og viðhorf foreldra til starfsmanna ýmist mjög jákvætt eða fremur jákvætt. Heildarniðurstöður foreldrakönnunarinnar má skoða á heimasíðu skólans.

## Jóladagskrá

Í desember er hefðbundin dagskrá brotin upp eftirfarandi daga:

Miðvikudaginn 8. desember er glugga-skreytinga- og jólakortadagur í skólanum kl. 9:50 til hádegis.

Mánudaginn 13. desember munu nemendur fá tíma frá kl. 09:50 til hádegis til þess að skreyta stofur og undirbúa stofujól. Umsjónarkennarar fylgja sínum bekk og aðrir kennarar aðstoða eftir þörfum. Ath. stundatafla í neðra húsi gildir.

Fimmtudaginn 16. desember er kennsla skv. stundaskrá til kl. 14:00. Lokaundirbúningur stofujóla eftir það.

### Föstudagurinn 17. desember

Hjá nemendum 1. - 3. bekkjar verða stofujól 09:00-10:30 og jólatrésskemmtun kl. 10:30-11:30.

Stofujól hjá nemendum í 4. - 10. bekk kl. 09:00 - 11:00. Jólatréssamkoma kl. 09:00-09:20 í Íþróttahúsinu á Sauðárkróki.

Nemendur 1. - 4. bekkja geta mætt kl. 8:10 og verið til 12:00. Nemendur eru þá í gæslu í sínum stofum.

**Föstudagurinn 17. desember er síðasti skóladagur nemenda fyrir jól.**

**Kennsla hefst aftur samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 4. janúar.**



## Friðarganga

Í lok þemavikunnar, föstudaginn 26. nóvember var hin árlega friðarganga Árskóla. Þar mynduðu nemendur og starfsfólk skólans friðarkeðju upp Kirkjustíginn og kveiktu á krossinum á Nöfunum. Þetta er árleg hefð í upphafi aðventu. Eftir friðargönguna var boðið upp á kakó og piparkökur á lóð skólans við Freyjugötu.

Að þessu sinni voru starfsmenn sjónvarpsþáttarins Landans í heimsókn hér á Sauðárkróki og kíktu tökumenn þáttarins við í friðargöngu Árskóla.

Þátturinn var sýndur sunnudaginn 28. nóvember og fyrir þá sem misstu af honum er hægt að sjá hann á vefsvæði RÚV ([www.ruv.is](http://www.ruv.is)).



## Lúsíuhátíð 6. bekkjar

Sú hefð hefur skapast í Árskóla að halda Lúsíudaginn hátíðlegan. Þessi hefð hefur verið færð á milli árganga frá 7. bekk til 6. bekkjar. Lúsíudagurinn er 13. desember, en að þessu sinni verður Lúsíuhátíðin haldin þriðjudaginn 14. desember.

Lúsían mun, ásamt þernum sínum, stjórnudrengjum, piparkökustrákum og jólasveinum ferðast um bæinn og syngja jólasöngva fyrir gesti og gangandi.

Umsjónarkennarar 6. bekkjar, ásamt þeim Írisi Baldvinsdóttur og Rögnvaldi Valbergssyni, hafa veg og vanda af Lúsíudeginum.

Um morguninn heimsækja börnin nemendur í Árskóla við Freyjugötu og leikskólanemendur í Ársölum en eftir hádegi heimsækja þau Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki, Byggðastofnun, Skagfirðingabúð kl. 16:00 og Íþróttahúsið á Sauðárkróki kl. 17:00.



## Árshátíð unglíngastígs - 8. og 9. bekkur

Dagana 1. og 2. desember var árshátíð 8. og 9. bekkinga haldin í Bifröst. Sýndu nemendur þar leikrit, sungu og spiluðu á hljóðfæri og höfðu í frammi ýmis grínatriði. Létt var yfir sýningunum fjórum og leikgleði mikil. Var að heyra á foreldrum og öðrum gestum að þeir hefðu skemmt sér konunglega. Starfsmenn sýninganna, þ.e. hljóð- og tæknimenn, sviðsmenn og miðasölufólk, komu flestir úr röðum 10. bekkinga. Gaman er að segja lesendum frá því að nemendur eru orðnir afar sjálfstæðir í öllum vinnubrögðum þótt þeir njóti að

sjálfsögðu liðsinnis umsjónarkennara sinna og annars starfsfólks. Það var bæði ánægjulegt og skemmtilegt að vinna með þessu hæfileikaríka listafólki.

Fyrir hönd kennara á unglíngastigi, Kristbjörg Kemp.



## Skólastarfið

Dagana 23. - 25. nóvember voru þemadagar í skólanum sem náðu til allra árganga og var nemendum skipt upp í aldursblandaða hópa í hvoru skólahúsi. Viðfangsefni þemadaganna að þessu sinni var „Borgir - merkilegir staðir“. Þemavinnan gekk afar vel og skemmtu nemendur og starfsmenn sér vel.

Vikuna 4. - 8. október tóku nemendur og starfsfólk skólans þátt í verkefninu „Göngum í skólann“. Þátttakan var mjög almenn og fór fram úr björtustu vonum. Keppt var um „gullskóinn 2010“, en sá bekkur sem gekk hlutfallslega oftast í skólann þessa daga hlaut „gullskóinn

2010“ til varðveislu í 1 ár. Allir bekkir í 1. - 3. sæti fengu einnig viðurkenningarskjöl.

